

A photograph of a woman wearing a dark hijab and a maroon patterned shirt, smiling warmly. She is holding a young child in a white dress with a blue and gold floral embroidery. They are on a red playground structure. The background is slightly blurred, showing other people and a bright outdoor setting.

NAFO

Nasjonalt senter for flerkulturell opplæring

---

# BÖRN Í FJÖLTYNGDUM FJÖLSKYLDUM

UPPLÝSINGABÆKLINGUR  
Íslandsk

# FORMÁLI

Upplýsingabæklingurinn fjallar um 10 spurningar sem foreldrar oft spyrja og sem beinast að fjöltyngdum málþroska barna. Að auki er þessum bæklingi beint að þeim sem vinna á leikskólum, í skólum og á heilsugæslustöðvum, og er hægt að nota bæklinginn sem upphafspunkt í samræðum við foreldra um málþroska fjöltyngdra barna.

Upplýsingabæklingurinn byggist á sænska bæklingnum Två språk eller flera – Råd till flerspråkiga familjer, sem unninn er af Språkforskningsinstitutet i Rinkeby (<http://modersmal.skolverket.se/>) og er hann endurskoðuð útgáfa. Bæklingurinn er unninn og lagaður að aðstæðum fjöltyngdra barna á leikskólum og í skólum.

## UM FJÖLTYNGI

Flest samfélög í veröldinni er fjöltyngd. Að hafa vald á mörgum tungumálum er dýrætt hæfni, bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og samfélagið. Tungumál tengjast náð sjálfsmynd, aðlögun og menningarlegri tjáningu og því mikilvægur hluti í lífi barna og fullorðinna.

Tvítýngi hefur svo margt jákvætt í för með sér að flestar fjölskyldur sem hafa tvö eða fleiri tungumál, geta ekki hugsað sér að vera án þeirra. Málþroski fjöltyngdra barna eflist ef leikskóli, skóli og samfélagið í heild sinni hefur jákvætt viðhorf til fjöltyngis.

## Fjöltyngdar fjölskyldur eru ólíkar

Fjölskyldur geta verið tví- eða fjöltyngdar á mjög ólíkan hátt.

- Annað foreldrið eða báðir foreldrar hafa annað móðurmál en norsku.
- Foreldrar hafa ekki sama móðurmál og barnið heyrir frá upphafi tvö eða fleiri tungumál heima.
- Annað foreldrið eða báðir foreldrar alast upp í landi þar sem töluð eru ólík tungumál heima fyrir og í skólanum.

Margar fjölskyldur hafa auk foreldra, stórfjölskyldu og ættingja, og hafa þau mikilvægt hlutverk í daglegu lífi barnsins og geta veitt barninu aðgang að fleiri tungumálum.



## 1 GETUR BARN LÆRT MÖRG TUNGUMÁL Á SAMA TÍMA?

Börn geta lært mörg tungumál á sama tíma. Á mörgum stöðum í veröldinni þykir það sjálfsagt að börn læri mörg tungumál frá blautu barnsbeini. Til þess að barnið geti lært fleiri tungumál á fullnægjandi hátt, er mikilvægt að heimili, leikskóli og skóli taki virkan þátt. Það er mikilvægt að fullorðnir í hvetji og styðji við þróun á fjölyngi barnsins.

Fjölskyldur úr minnihlutahópi eiga auðveldara með að halda sambandi við ættingja og vini í öðrum löndum ef þær halda við móðurmálinu sínu. Börn í slíkum fjölskyldum eiga betri möguleika á því að kynnst menningararfi foreldrana ef þau hafa tungumál foreldrana á valdi sínu. Það styrkir sjálfsmynd barnsins og það á auðveldara með að finnast það vera hluti af fjölskyldunni.

## 2 KEMUR BARNIÐ TIL MEÐ AÐ LÆRA NORSKU EF FORELDRARNIR TALA MÓÐURMÁL SITT HEIMA?

Barn hefur betri undirstöðu til að læra annað tungumál ef það hefur góðan málþroska í móðurmálinu. Móðurmálið og annað tungumál geta styrkt hvort annað. Ef barnið hefur lært orð á móðurmálinu, til dæmis „gaajaysan“ á sómalísku, er það auðveldara fyrir barnið að læra samsvarandi orð á norsku - „sulten“.

Allir foreldrar vilja að börnunum sínum gangi vel í skólanum. Þess vegna vilja margir foreldrar að börnin læri norsku snemma á lífsleiðinni. Það þýðir ekki að foreldrarnir eigi að hætta að nota móðurmálið þegar þau tala við barnið. Foreldrarnir geta hjálpað barninu að fá aðgang að áhugasviðum þar sem þau einnig geta notað norskuna. Venjulega á þetta sér stað í leikskólanum og í nánasta umhverfi barnsins eða saman með vinum og kunningjum foreldrana.



### 3 Á HVADÁ MÁLI EIGA FORELDRARNIR AÐ TALA VIÐ BARNIÐ EF ÞAU HAFA ÓLÍK MÓÐURMÁL?

Í þeim fjölskyldum þar sem móðir og faðir tala ólík tungumál, er mælt með því að foreldrarnir tali sitt eigið tungumál við barnið. Þegar fjölskyldan kemur saman, er hægt að velja um hvaða tungumál þykir eðlilegt að nota; eitt móðurmálið, norsku eða annað sameiginlegt tungumál. Það mikilvægasta er að foreldrarnir geta átt samskipti við börnin sín á því tungumáli sem foreldrarnir hafa best vald á. Það er einnig gott fyrir barnið í þeim fjölskyldum þar sem annað foreldrið er norskumælandi en hitt foreldrið hefur annað móðurmál, að hvert foreldri tali „sitt“ tungumál. Oft er það þannig að norskan verður ríkjandi tungumál í þannig fjölskyldum. Ef foreldrarnir óska eftir því að barnið verði fjöltyngt, er mikilvægt að styðja barnið í að þróa hæfni sína í báðum tungumálum.



### 4 HVAD EF BARNIÐ RUGLAR TUNGUMÁLUNUM SAMAN?

Það er eðlilegt að fjöltyngd börn blandi saman orðum frá ólíkum tungumálum í einni og sömu setningunni. Það getur verið út af því að barnið hefur ekki enn lært að aðgreina tungumálin. Það getur einnig verið að barnið „láni“ orð frá hinu tungumálinu ef það hefur þörf fyrir það. Á þann háttinn nýtir barnið alla tungumálakunnáttu sína.

Það er eðlilegt að börn skipta á milli tungumálana þegar þau tala við aðra tvítyngda einstaklinga. Þau nýta möguleikann til að skipta á milli ólíkra tungumála til að ná fram blæbrigðum, tilfinningu eða til að skapa sameiningu milli einstaklinga sem tala sama tungumál. Margir eintyngdir eiga erfitt með að skilja eða una slíkri skiptingu á milli tungumála. Rannsókn hefur sýnt að það krefst mikillar mállegrar meðvitundar að geta skipt á milli tungumála með góðum hætti og að þetta er eðlilegt og virkar með ágætum í tvítyngdum samræðum.

Því við notum ólík tungumál í mismunandi samhengi og því er það eðlilegt að fjöltyngd börn hafi ólík svið og aðstæður betur á valdi sínu á einu tungumáli en öðru. Barnið á til dæmis auðveldara með að segja frá því á norsku hvað gerðist í leikskólunum en vill heldur nota móðurmálið þegar ræða þarf um hluti og aðstæður sem hafa með fjölskylduna og heimilið að gera. Barnið getur notað móðurmálið í samræðum við eldri ættingja og foreldra en skiptir á milli tungumála þegar það talar við vini og systkini.



## 5 HVAD ER HÆGT AÐ GERA EF BARNIÐ SVARAR AÐEINS Á NORSKU HEIMA?

Það er ekki óeðlilegt að tvítýngd börn vilji frekar tala norsku um hrið, þó svo að foreldrarirnir reyni að vera sjálfum sér samkvæm og tala móðurmálið við þau. Ef barnið talar norsku þegar foreldrarirnir tala móðurmálið, geta foreldrarirnir reynt að hjálpa barninu með að svara á móðurmálinu með réttum orðum og orðatiltækjum. Sambandið og samskiptin við barnið er hins vegar það mikilvægasta, sama hvaða tungumál er notað. Það er mikilvægara að hlusta á það sem barnið hefur að segja en vera upptekin/n af því á hvaða tungumáli það velur að segja það á. Þetta snýst um þolinmæði. Það tekur tíma fyrir barnið að læra móðurmálið í umhverfi þar sem norska hefur mikil áhrif og stendur betur að vígi en móðurmálið.

Það er mikilvægt að foreldrarirnir haldi áfram að tala móðurmálið við barnið ef það á að verða fjöltyngt. Það er gott ef í umhverfinu séu önnur börn og fullorðnir sem tala móðurmál barnsins, þannig að tungumálið hafi einnig hlutverk fyrir utan fjölskylduna. Þó svo að barn sé ekki virkt í því að tala móðurmál foreldranna, getur það oft skilið meira en það getur sagt. Það getur skapað grundvöll til að læra að nota tungumálið frekar síðar meir.



## 6 HVAD ER HÆGT AÐ GERA TIL AÐ STYÐJA MÁLÞROSKA BARNINS FYRIR MÓÐURMÁLINU?

Börn í Tyrklandi sem hafa tyrknesku að móðurmáli og börn í Noregi með norsku að móðurmáli læra móðurmálið við ólíkar aðstæður og í samskiptum sínum við ólíka einstaklinga; í fjölskyldunni, saman með ættingjum og vinum, í skólanum, í versluninni, á götunni og í strætisvagninum. Allan daginn hafa börn möguleika á að heyra, tala og læra móðurmálið sitt. Mörg börn úr minnihlutahópum hafa takmarkaða möguleika til að læra móðurmálið sitt í Noregi. Flest börn vilja fyrst og fremst heyra og nota móðurmálið á heimilinu. Þau gera miklar kröfur til foreldranna, sem ásamt leikskólanum og skólanum verða örva málþroska barnsins fyrir móðurmálinu. Fullorðnir í umhverfi barnsins verða að skapa möguleika fyrir barnið til að tala móðurmálið eins mikið og hægt er, bæði í og utan fjölskyldunnar.

Mörg bæjarfélög bjóða upp á opna leikskóla þar sem foreldrarirnir eru á staðnum með börnunum. Þar er hægt að hitta aðra foreldra og börn við leik, áhugamál eða við félagslegt samneyti. Í sumum bæjarfélögum er að finna bókasafn sem er með ævintýrastundir á mismunandi tungumálum. Bókasöfnin eru einnig með barna- og unglingabækur sem og hljóðbækur til útláns á mörgum tungumálum. Þú getur athugað hvaða möguleikar finnast í þínu bæjarfélagi. Að auki geta foreldrar, leikskólar og skólar notið Det flerspråklige bibliotek hjá Deichmanske-bókasafninu í Osló ([www.dfb.deichman.no](http://www.dfb.deichman.no)). Þar er að finna bækur fyrir börn og fullorðna á mörgum mismunandi tungumálum. Staðarbókasafnið getur hjálpað til með að fá bækur til útláns. Á heimasíðunni [www.morsmal.no](http://www.morsmal.no) er að finna bækur og hljóðbækur á mismunandi tungumálum, sem og kvæði, þulur, lög og frásagnir á mörgum tungumálum.



## 7 HVAD ER HÆGT AÐ GERA TIL AÐ STYÐJA MÁLÞROSKA BARNINS FYRIR NORSKU?

Að vera í leikskóla er góður útgangspunktur fyrir málþroska fjöltyngdra barna í norsku. Að auki er gott samstarf milli leikskóla, heilsugæslustöðva, skóla og foreldra mikilvægt. Leikskólinn og skólinn hafa mikla ábyrgð á málþroska barnsins í norsku en hlutverk foreldrana er einnig mikilvægt fyrir málþroska barnsins í norsku. Foreldrar geta meðal annars veitt aðstoð við tungumálakennslu sem fer fram í leikskólanum og í skólanum, þó að foreldrarnir tali ekki sérlega góða norsku.

Fyrir barn sem ekki er í skólaskyldu, getur leikskólinn veitt barninu góða og margvíslega möguleika í að þróa málþroska sinn. Þegar barnið er orðið eldra og farið að ganga í skóla, getur SFO eða Aktivitetsskolen og ýmsar tómstundir eins og fótbolti, kór, dans, menningarskóli eða álíka orðið ágætur samkomustaður fyrir mál- og félagsþroska. Foreldrarnir geta hvatt börnin til að taka þátt í þessum tómstundum.

Það er á ábyrgð leikskólans að þróa málþroska barnsins í leikskólanum í nánú samstarfi við foreldrana. Leikskólinn hefur þeim skyldum að fara eftir samkvæmt Rammeplan for barnehagens innhold og oppgaver að „styðja að barn noti móðurmál sitt og á sama tíma að vinna með að auka hæfni barnsins í norsku“ (Kunnskapsdepartementet 2011:35). Foreldrar geta rætt við leikskólakennarann um hvaða þarfir barnið hefur fyrir málalega hvatningu, til dæmis hvort að sé möguleiki á fá tvítyngdan aðstoðarmann eða bjóða upp á aðrar aðgerðir í tungumálauppeldi í leikskólanum.

## 8 HVER GETUR VERIÐ ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ AÐ BARNIÐ TALI EKKI Í LEIKSKÓLANUM?

Barn sem lærir nýtt tungumál myndar tengsl við nýja tungumálið á mismunandi hátt. Sum börn byrja að prufa orð og setningar á nýja tungumálinu þegar í stað en önnur börn bíða í langan tíma, sum í marga mánuði, áður en þau tjá sig á nýja tungumálinu. Þegar barn byrjar í leikskóla þar sem móðurmálið er ekki talað, geta það verið krefjandi aðstæður fyrir barnið. Á þessum tíma er náðið og öruggt samspil með þeim fullorðnu á leikskólanum einstaklega mikilvægt. Þó svo að barnið tali ekki norsku við börn og fullorðna á leikskólanum er mikilvægt að sjá að barnið tjái sig á annan hátt, til dæmis með því að benda, nota svipbrigði og með líkamstjáningu. Barnið er alltaf að safna þekkingu og upplýsingum um nýja tungumálið, þó svo að það tjái sig ekki á norsku. Sum börn geta af margvíslegum ástæðum verið með seinkaðan málþroska eða átt við málferfiðleika að stríða. Þá verður leikskólinn og foreldrarnir að vinna saman um hvernig þau geta hjálpað barninu. Til dæmis er hægt að fá utanaðkomandi hjálp til að varpa ljósi á málþroska barnsins og veita barninu þá hjálp sem það þarf á heimilinu og í leikskólanum.

Þó svo að barnið hitti ekki önnur börn eða fullorðna sem tala móðurmálið í leikskólanum, er það jákvætt fyrir fjöltyngdan málþroska barnsins að móðurmál þess sé viðurkennt. Foreldrarnir ættu því að tala móðurmálið við barnið þegar þau eru í leikskólanum – þegar það er eðlilegt. Starfsfólk leikskólans, sem ekki þekkir móðurmál barnsins, verður á sama tíma að sýna jákvæðan áhuga á móðurmáli barnsins, til dæmis með því að læra nokkur orð, lög og kvæði á móðurmáli barnsins. Það er gott fyrir fjöltyngdan málþroska barnsins að það sé bæði að finna börn og fullorðna í leikskólanum sem hafa móðurmál barnsins á valdi sínu.



## 9 ÆTTI BARNIÐ AÐ FÁ AÐSTOÐ FRÁ TVÍTYNGDUM STARFSMANNI Í LEIKSKÓLANUM?

Mörg börn hafa annað móðurmál en norsku og læra norsku sem annað mál í leikskólanum. Það er mikilvægt að hægt sé að skilja börnin og að þau fái möguleika til að tjá sig. Leikskólinn verður styðja að barn noti móðurmál sitt og á sama tíma að vinna með að auka færni barnsins í norsku. (Rammaáætlunin 2011:35)

Slíkan stuðning við móðurmál barnsins er hægt að gera á margvíslegan hátt, hvort sem starfsfólkið kann móðurmál barnsins eða ekki, en fyrir mörg börn getur það verið mjög mikilvægt að þau fái aðstoð frá tvítyngdum starfsmanni á leikskólanum. Tvítyngt starfsfólk getur stuðlað að auknu öryggi hjá bæði barninu og foreldrunum og getur verið sem tengiliður milli heimilisins og leikskólans. Ásamt fullorðnum sem þekkja móðurmál barnsins, getur barnið skilið og gert sig skiljanlegt þegar það hittir önnur börn eða fullorðna á leikskólanum. Barnið fær mikilvægan möguleika til að þróa þekkingu sína á móðurmálinu á sama tíma og það fær stuðning til að auka færni sína í norsku.

Allir leikskólar sem eru með börn sem koma frá minnihlutahópum geta sótt um eyramerktan fjárhagslegan stuðning frá ríkinu í gegnum Tilskudd til tiltak for á bedre språkforståelsen blant minoritetsspråklige barn i førskolealder. Fjárhagslegan stuðning er m.a. hægt að nota til að ráða tvítyngdan starfsmann til að annast tvítyngdan málþroska barnsins. Hægt er að lesa frekar um þetta í dreifibréfi um fjárhagslegan stuðning frá ríkinu á leikskólasviði á: <http://www.udir.no/Barnehage/Regelverk/Rundskriv/2011/Rundskriv-F-01-11-Statstilskudd-pa-barnehageområdet1/>

## 10 ÞEGAR BARNIÐ BYRJAR Í SKÓLANUM

Umskiptin frá leikskóla til skóla geta verið erfið fyrir margt barnið sem og foreldra. Mælt er með því að bæjarfélögin semji eigin samvinnuhefð fyrir þessi umskipti og skulu leikskólanir vera með áætlanir vegna umskiptanna frá leikskóla til skóla í sinni ársáætlun. Foreldrar geta fengið upplýsingar um þetta í leikskólanum eða hjá bæjarfélaginu.

Þegar um er að ræða skyldur skólans gagnvart barni úr minnihlutahópi er það einna helst fræðslulögin (opplæringslovens) § 2.8 sem maður ætti að veita athygli.

### § 2-8. Sérstök tungumálafræðsla fyrir nemendur frá tungumálalegum minnihlutahópum

*Þeir nemendur í grunnskólanum sem hafa annað móðurmál en norsku eða samísku og hafa nægjanlega þekkingu í norsku til að fylgjast með í venjulegri kennslustund í skólanum eiga rétt á sérkennslu í norsku. Þesskonar nemendur hafa einnig rétt á móðurmálakennslu, tvítyngda fagfræðslu eða hvoru tveggja, ef slíkt er nauðsynlegt.*

*Móðurmálfræðslan getur átt sér stað í öðrum skóla en þeim sem nemandinn gengur í.*

*Ef kennarar skólans geta ekki kennt móðurmálakennslu og tvítyngda fagfræðslu, verður bæjarfélagið, eins auðið er, að greiða fyrir aðra fræðslu til að laga að aðstæðum nemendanna.*

*Bæjarfélagið verður að kortleggja færni nemendurna í norsku áður en ákvörðun er tekin um sérstaka tungumálafræðslu. Þesskonar kortlagningu þarf einnig að framkvæma þegar eitthvað er liðið á námið fyrir þá nemendur sem fá sérstaka tungumálafræðslu samkvæmt reglugerðinni, og nota sem grundvöll til að meta hvort nemendur hafa nægjanlega þekkingu í norsku til að fylgjast með í venjulegri kennslustund í skólanum.*

## ORÐSKÝRINGAR

**Annað mál:** Tungumál sem barnið lærir á eðlilegan hátt í sínu umhverfi til viðbótar við móðurmálið.

**Aðalmál:** Það tungumál sem flest allir íbúar landsins tala. Í Noregi er norska aðalmál.

**Auka mál:** Þau tungumál sem töluð eru af hluta til af íbúum landsins. Í Noregi er að finna forn-mál eins og suðursamísku, lulesamísku og norðursamísku. Þjóðar-minnihlutamálið er til dæmis kvenska. Að auki tala hluti íbúa mál innflytjenda eins og pólsku, sómalísku, arabísku, tyrknesku, víetnamsku, tigrínía o.fl.

**Móðurmál:** Margir munu segja að móðurmálið er það mál sem þú lærir fyrst, það mál sem þú skilur best eða það mál sem þú auðkennir þig helst með. Sumir munu einnig segja að þeir hafi fleiri móðurmál og að fjöltyngi er þeirra móðurmál.

**Fjöltyngi:** Er notað sem fagorð fyrir tví- eða fjöltyngi. Það er að segja að barnið er í þeirri aðstöðu að það hefur fleiri tungumál á valdi sínu en aðeins eitt móðurmál.

## LEIÐBEININGARSKJÖL FRÁ RÍKINU

- *Leikskólalögin*

<http://www.lovddata.no/all/nl-20050617-064.html>

- *Rammaáætlun fyrir hlutverk og verkefni leikskólans*

<http://www.udir.no/Barnehage/Rammeplan/>

- *Fræðslulögin*

<http://www.lovddata.no/all/nl-19980717-061.html>

## BÆKLINGAR UM FJÖLTYNGI

- *Gjervan, Marit (ritstjóri.) 2006:*

Þemabæklingur um málalega og menningarlega fjölbreytni í leikskólanum. Kunnskapsdepartementet.

- *Høigård, Anne; Mjør, Ingeborg og Hoel, Trude 2009:*

Þemabæklingur um tungumálaumhverfi og málalega hvatningu í leikskólanum. Kunnskapsdepartementet.

- *Mjelve, Astrid Øygarden 2002:*

Hør på maken. Tvítyngdur starfsmaður í leikskólanum. Barne- og familiedepartementet.

- *Nasjonalt senter for flerkulturell opplæring (NAFO) 2010:*

Dæmahefti – fjöltyngd vinna í leikskólanum. Kunnskapsdepartementet.

## HEIMASÍÐUR

Þeir sem vilja ráð og leiðbeiningar um fjöltyngda fræðslu í leikskólanum eða í skólanum geta farið á heimasíðu Nasjonalt senter for flerkulturell opplæring (NAFO) [www.hioa.no/nafo](http://www.hioa.no/nafo)

NAFO er einnig með heimasíðuna Tema morsmál [www.morsmal.no](http://www.morsmal.no) Hér er að finna kennslutæki, bækur, hljóðbækur, lög og frásagnir á mismunandi tungumálum fyrir leikskóla og skóla.

Menntamálanefndin er með heimasíður fyrir skóla og leikskóla. Þar er að finna reglugerðir, rammaáætlanir, námskrár og leiðbeiningar o.fl. [www.udir.no](http://www.udir.no)

oreldreutvalget for grunnopplæringen (FUG) og Foreldreutvalget for barnehager (FUB) er með heimasíður fyrir foreldra með börn í leikskóla og skóla. <http://www.fug.no/> <http://www.fubhg.no/>

Heimasíðan Flere språk til flere hjá Háskólanum í Tromsø veitir ráðleggingar og upplýsingar fyrir fjöltyngdar fjölskyldur. <http://site.uit.no/flerespraaktiflere/>



**Nasjonalt senter for flerkulturell opplæring**

Høgskolen i Oslo og Akershus

Heimilisfang: Wergelandsveien 27

Póstfang: Pb. 4 St. Olavs plass, 0130 Oslo

Sími: +47 22 45 22 82

Bréfsími: +47 22 45 21 05

Netfang: [nafo@hioa.no](mailto:nafo@hioa.no)

[www.hio.no/nafo](http://www.hio.no/nafo)